

## Kynningarbréf til foreldra um Námsframvindu


Ágætu foreldrar/forráðamenn

Hofsstaðaskóli er að taka í notkun nýja einingu í Mentor sem kallast **Námsframvinda** og er ætlað að styðja við faglegt starf kennara. Ætlunin er að nýta þessa nýju einingu fyrst í þeim greinum sem kenndar eru í list- og verkgreinalotu: Smíði, myndmennt, textílmennt, heimilisfræði. Auk þess verður **Námsframvindan** einnig nýtt í: Eðlisvísindum þar sem kennt er í lotum, sundi og vélritun.

Markmiðið með Námsframvindunni er að gefa betri yfirsýn yfir stöðu nemandans í hverju fagi fyrir sig. Einingin felur einnig í sér námsmat út frá áætluðum námsmarkmiðum hvernar annar. Með því að gera námsmarkmiðin sýnileg viljum við auka ábyrgð nemandans og hvetja hann áfram í náminu.

Nú geta nemendur og foreldrar skoðað hver markmiðin eru í áður nefndum námsgreinum fyrir hverja önn. Í lok hvernar lotu/ annar geta þeir síðan séð mat kennarans á frammistöðu nemandans. Með þessu eykst upplýsingaflæðið og foreldrar og nemendur verða meðvitaðri um námið.

Sett eru upp námsmarkmið í hverri grein fyrir sig frá 1. -7. bekk sem eru aðgengileg kennurum, nemendum og foreldrum. Markmiðunum er skipt niður á 14 þrep en tvö þrep eru áætluð fyrir hvert skólaár (sjá mynd 1). Sum námsmarkmið eiga eðlilega við á fleiri en einu þrepi en það fer eftir umfangi þeirra.



## Til þess að skoða námsmarkmið og mat kennara á frammistöðu nemanda

1. Foreldri /nemandi skráir sig inn á Mentor
2. Smellt er á + fyrir framan Námsframvinda og opnast þá listi yfir þætti Námsframvindunnar (sjá mynd). Þátturinn sem við erum að byrja að nota er **Námsmarkmið**.
3. Smellt er á það.



Þá opnast síða þar sem hægt er að skoða námsmarkmið eftir námsgreinum. Mentor skilar nemandanum sjálfkrafa á aldurssvarandi þrep t.d. þrep 1 og 2 vísar til þess að nemandinn er í 1. bekk (haust og vor) og þrep 3 og 4 vísar til þess að nemandinn er í 2. bekk (haust og vor).



Skólinn hefur valið að nota þrískiptan kvarða og hér fyrir neðan má sjá matstáknin með skýringartexta.

△ Getur þetta ekki enn   ○ Er á góðri leið   ✓ Getur þetta vel